

---

# Auðlindin Snæfellsnes

## MÁLÞING Á VEGUM KVARNA

*„Horfum á það sem við erum góð í og byggjum á því jákvæða.“*

Frá íbúafundi á Snæfellsnesi

### 1. INNGANGUR

Hér fer á eftir nánari lýsing á málþingum á vegum Kvarna, undir yfirskriftinni „Auðlindin Snæfellsnes“. Þetta er fylgiskjal með umsókn til Vaxtarsamnings Vesturlands.

### 2. ÍBÚAFUNDIR

Kvarnir, í samstarfi við sveitarfélög, stóðu fyrir fjórum íbúafundum á Snæfellsnesi undir yfirskriftinni „Snæfellsnes á tímamótum – hamingja í heimabyggð“. Fundirnir voru haldnir dagana 24. mars – 2. apríl, í Ólafsvík, Breiðabliki, Grundarfirði og Stykkishólmi. Undirbúningur fundanna var í höndum stýrihóps þar sem skipaður var fulltrúum Kvarna og sveitarfélaganna.



Samtals sóttu 120 manns fundina og fögnuðu mjög þessu framtaki. Fram kom mikill áhugi á að halda samræðunni áfram og þannig leggja grunn að samstarfsverkefnum og eflingu Snæfellsness. Samantektir frá hverjum og einum fundi fylgja með í viðauka.

Meginskilaboð fundanna voru þessi:

- Að auka umræðu, sjálfsprottið samstarf, samnýtingu og samstöðu á Snæfellsnesi, meðal fyrirtækja, félagasamtaka, sveitarfélaga, stofnana og einstaklinga.
- Að auka upplýsingaflæði innan Snæfellsness og utan, um allt það sem þar er um að vera.
- Að skerpa framtíðarsýn Snæfellsness í anda sjálfbærrar þróunar og Green Globe vottunar.
- Að byggja á þeirri sérstöðu sem Snæfellsnes hefur og auka þekkingu heimamanna og gesta á auðlindum svæðisins, þ.m.t. náttúru og sögu.
- Að gera meira úr þeim afurðum sem þegar eru framleiddar á svæðinu, m.a. með því að auka heimavinnslu margskonar.
- Að auka kynningu á og bæta aðgengi að afurðum svæðisins í víðri merkingu.

- Að huga sérstaklega að tækifærum á sviði ferðaþjónustu.
- Að efla búsetuskilyrði í dreifbýli, m.a. með því að bæta netvæðingu og standa vörð um skólalald.
- Að örva hagvöxt og skapa ný atvinnutækifæri með því að „horfa á það sem við erum góð í og byggja á því jákvæða“.

### 3. VERKEFNIÐ SEM SÓTT ER UM TIL – AUÐLINDIN SNÆFELLSNES

Kvarnir hyggjast fylgja íbúafundunum eftir með fjórum málþingum þar sem byggt er á meginskilaboðum fundanna. Yfirskrift málþinganna er „Auðlindin Snæfellsnes á nýjum tímum“.

#### MARKMIÐ

Markmið málþinganna er að auka þekkingu og hvetja til samstarfs um einstök verkefni sem íbúar vilja vinna að og sem eru líkleg til að efla Snæfellsnes. Einnig að stuðla að því að íbúar Snæfellsness upplifi sig í vaxandi mæli sem hluta af heild.

#### VIÐFANGSEFNI

Viðfangsefni málþinganna verður sem hér segir:

- Náttúra og saga
- Afurðir til sjávar og sveita
- Menning og mannauður
- Nýir tímar og tækifæri



#### FYRIRKOMULAG

Fyrirkomulag allra málþinganna verður með svipuðum hætti. Ætlunin er að vanda til þeirra og fylgja þeim vel eftir, þannig að þau skili árangri. Málþingin verða haldin á laugardögum, vor og haust 2009.

Dagskrárramma fyrir hvert málþing er svohljóðandi:

1. Skilaboð íbúafundanna um viðfangsefnið.
2. Erindi sérfræðinga, eins eða fleiri.
3. Samræður fundarmanna: „Hvað getum við gert meira úr þessu?“ Markmiðið með samræðunum er að forgangsraða hugmyndum, skilgreina verkefni og koma á samstarfi.

Ætlunin er að bjóða aðilum sem starfa á því sviði sem til umræðu verður hverju sinni, að láta liggja frammi plaköt eða annað kynningarefni um starfsemi sína, til upplýsinga. Þannig fáist ennþá betri yfirsýn yfir málaflokkinn.

## EFTIRFYLGNI

Stefnt er að því að í lok hvers málþings verði skilgreind verkefni og komið á samstarfi um þau. Ábyrgð á þeim verkefnum verður í höndum viðkomandi aðila. Kvarnir munu hins vegar fylgja málþingunum eftir með samantekt eftir hvert þing, sem birt verður á vefsíðum og í fjölmiðlum.

Meðal annars verður notuð vefsíða sem nú er í vinnslu hjá Anok í Stykkishólmi, [www.snaefellingar.is](http://www.snaefellingar.is).

Markmiðið með umfjöllun um „Auðlindina Snæfellsnes“, er að gera íbúa og alla landsmenn meðvitaðri um sérstöðu svæðisins og þar með styrkja samkeppnishæfni þess.

## SAMSTARFSADILAR

Kvarnir eru umsækjandi og verkefnisstjórn hefur ILDI, þjónusta og ráðgjöf í Grundarfirði.

Leitað verður eftir samstarfi við sveitarfélögin, en forsvarsmenn þeirra sem sátu í stýrihópi vegna íbúafundanna, lýstu allir yfir ánægju með þá.

Einnig verður leitað eftir samstarfi við félagasamtök og fyrirtæki á Snæfellsnesi, t.d. vegna kynningar, kostnaðar við veitingar, auglýsingar og fleira.

Leitað verður til færustu sérfræðinga á hverju sviði til að halda erindi. Horft er til:

Náttúra og saga: W23, Eyrbyggja Sögumiðstöð, Eldfjallasafn Íslands.

Afurðir til sjávar og sveita: Matís.

Menning og mannauður: Háskólinn á Bifröst / Listaháskóli Íslands.

Nýir tímar og tækifæri: Imprá nýsköpunarmiðstöð.



## MARKMIÐ VAXTARSAMNINGS

Í umsóknareyðublaði Vaxtarsamnings er spurt hvernig verkefnið fellur að markmiðum samningsins.

- Efla Vesturland sem eftirsóttan valkost til búsetu. = Gerjunin, þróunarumræðan og afmörkuð verkefni munu auka trú fólks á framtíðina á svæðinu.
- Stuðla að fjölgun íbúa á Vesturlandi um a.m.k. 1,5% á ári frá 2006 til 2009. = Sjálfbærni getur skapað ný störf og einnig tryggt störf sem fyrir eru. Ef ekki tekst að stuðla að fjölgun íbúa, er verkefnið að minnsta kosti mótvægi við fólksfækkun.
- Auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt. = Með þeirri nálgun að gera meira úr því sem við höfum, er lagður grunnur að auknum hagvexti. Snæfellsnes hefur nú þegar forskot á sviði sjálfbærrar ferðaþjónustu og með umfjöllun á landsvísi verður sérstaða svæðisins kynnt enn frekar sem styrkir samkeppnishæfni.

- Þróa og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu. = Sú svæðisbundna sérþekking sem stefnt er að því að auka felst í meiri þekkingu á "Auðlindinni Snæfellsnesi". Á því mun síðan nýsköpunin í vaxtargreinum byggja.
- Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu. = Stefnt er að því að til verði fleiri vörur og þjónusta, sérstaklega í ferðaþjónustu.
- Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum. = Á ekki við að svo stöddu.-
- Laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu. = Á ekki við að svo stöddu. Hins vegar verður leitað til færustu sérfræðinga á landsvísu.
- Lögð er áhersla á uppbyggingu á sviðum sem eru sterk á svæðinu með því að efla klasamyndun enn frekar, m.a. á eftirfarandi sviðum:

- Menningu- og ferðaþjónustu.
- Sjávarútvegs- og matvælaframleiðslu.
- Mennta- og rannsóknastarfsemi.
- Iðnaði.

= Klasamyndun og samstarf er kjarni þessa verkefnis, bæði út frá atvinnugreinum og einnig þverfaglegu samstarfi á svæðisvísu.



## KOSTNAÐUR

Kostnaður vegna hvers málþings er áætlaður sem hér segir:

	<b>Alls</b>
Umsjón	224.100
Unnið úr íbf.	112.050
Úrv. og eftirf	149.400
Fyrirlesarar	30.000
Ferðakostn.	40.000
Húsnæði	15.000
Veitingar	15.000
Auglýsingar	40.000
Samtals	<b>625.550</b>

Forsendur: Vinna við umsjón, úrvinnslu úr íbúafundum og úrvinnslu eftir málþing og eftirfylgni, er reiknuð á kr. 6.000 pr. tíma. Við það bætist virðisaukaskattur = 7.470 krónur.

Heildarkostnaður vegna málþinganna er áætlaður 2.502.200.

## FJÁRMÖGNUN

	<b>Alls</b>
Vinnuframlag Kvarna og ILDIS	652.200
Styrktaraðilar Snæfellsnesi	600.000
Vaxtarsamningur Vesturlands	1.250.000
Samtals	<b>2.502.200</b>

Sótt er um kr. 1.250.000 til Vaxtarsamnings.

### 4. AÐ LOKUM

Kvarnir eru félagsskapur sem varð til vegna þess að við skynjuðum kyrrstöðu á Snæfellsnesi og söknuðum vekjandi og hvetjandi þróunarumræðu. Með óformlegum og gefandi fundum Kvarna og nú íbúafundunum, hefur þessu verið snúið við. Farin er af stað umræða sem hefur dregið fram kraft og væntumþykju íbúanna gagnvart sínu heimasvæði og áhuga á að efla það. Sú orðræða sem nú er hafin geymir vaxtarsprotu að sterkara svæði, m.t.t. atvinnu, búsetu, þekkingar og samstarfs.

Það er einlæg von okkar að það fái styrkur frá Vaxtarsamningi Vesturlands til að fylgja því eftir.



Fyrir hönd Kvarna,  
*Erla Björk Örnólfsdóttir,*  
*Róbert A. Stefánsson*  
*Sigurborg Kr. Hannesdóttir*

Snæfellsbær, 24. mars

## Verum stolt af því sem við höfum og stöndum saman

Á íbúafundi í Snæfellsbæ á þriðjudagskvöld, var fólki efst í huga að nú sé mikilvægt að auka umræðu, samkennd og samstöðu. Tæplega 50 manns á breiðum aldri tóku þátt í fundinum og fögnuðu mjög framtakinu. Þátttakendur töldu að nýta þurfi kosti áttahaganna og auka þekkingu heimamanna á eigin samfélagi, umhverfi, sögu og þjónustu. Bundnar eru vonir við nýja áttahagastofu. Ýmis tækifæri felist í ferðaþjónustu, t.d. með fjölbreyttri gístaðstöðu og afþreyingu og jafnvel einfaldir hlutir eins og merkingar geti haft mikið að segja.

Þegar horft var til Snæfellsnes alls vildu þátttakendur sjá aukna samvinnu, samhug og samkennd. Sérstaklega var lögð áhersla á samstarf í atvinnumálum, ferðaþjónustu og menningarmálum. Aukin samvinna muni leiða til sameiningar og sameiginlega leggi svæðið áherslu á sjálfbæra þróun. Bent var á að Green Globe verkefnið sé vannýtt tækifæri og að þar mætti virkja íbúa betur. Æskilegt væri að ferðaþjónustuaðilar væru duglegir að vísa hver á annan. Fram komu hugmyndir um útilistaverk um allt Snæfellsnes þar sem þemað gæti t.d. verið þorskurinn. Hugsanlega mætti koma upp sameiginlegum innri vef fyrir Snæfellsnes. „Verum jákvæð og dugleg“, sagði yngri kynslóðin sem einnig vildi meiri samgang milli skólanna á Nesinu. Kjarninn í skilaboðum fundarins var sá að ef íbúar á Snæfellsnesi þekkja vel sitt svæði og eru stoltir af því, þá skapi það grunn að nýsköpun og laði að gesti. Þannig megi stuðla að „hamingju í heimabyggð“.

---

Breiðablik, 26. mars

## Verum góðir grannar, þvert á öll hreppamörk

Aukin samvinna og samstaða, sterkir skólar, netvæðing og öflugt atvinnulíf eru brýnustu hagsmunamál dreifbýlis á Snæfellsnesi, að mati þeirra sem sóttu íbúafund á Breiðabliki fimmtudaginn 26. mars síðastliðinn. Sérstök áhersla var lögð á aukningu í heimavinnslu margskonar afurða. Fundinn sóttu tæplega 20 manns úr dreifbýli á Snæfellsnesi, Eyja- og Miklaholtshreppi, Helgafellssveit og Staðarsveit, sem tilheyrir Snæfellsbæ. Umræðan var frjó og skemmtileg og kom fram ánægja með það að nú væru nágrannar að ræða málin, sem annars hittust nær aldrei, vegna hreppamarka.

Áhugi er á aukinni samvinnu í sveitum Snæfellsness og á Nesinu öllu, bæði almennt og í einstökum málum, t.d. ferðaþjónustu, jarðhitaleit og fleiru. Auka þurfi samskipti og samstöðu í dreifbýlinu – en viðhalda þó sérkennum því heilbrigður hrepparígur megi ekki glatast alveg. Fram komu hugmyndir um sameiginlegar „kaffihúsasamkomur“, þar sem hægt væri að fara milli sveitanna.

Skólamál voru fundarmönnum ofarlega í huga. Standa þurfi vörð um skólana í dreifbýlinu, enda eru þeir forsenda byggðarinnar og hjarta samfélagsins. Hins vegar fækkar börnum á leik- og grunnskólaaldri, líkt og annars staðar. Viðraður var draumur um sameiginlegan skóla miðsvæðis, t.d. við Hofsstaðaskóg, en mönnum var ljóst að sá draumur væri ekki raunhæfur. Því þurfi helst að fjölga störfum og fólki í sveitunum. Snæfellsnes sé orðið eitt atvinnusvæði og því ekki nauðsynlegt að búseta og atvinna sé á sama stað og því spurning hvort skipuleggja þurfi íbúðalóðir í dreifbýlinu til að skapa raunhæfan valkost um búsetu í sveitinni þó fólk eigi ekki jarðnæði.

Bætt netvæðing er mikilvægur þáttur í því að styrkja búsetu í sveitunum, að mati fundarmanna. Rætt var um Fjölbrautaskóla Snæfellinga, sem er eitt af sameiginlegum hagsmunamálum svæðisins. Fram kom að þar eiga namar búsettir á sunnanverðu Nesinu ekki möguleika á að stunda nám þar sem engar almenningssamgöngur sem nýtast þessum hópi tengja saman dreifbýlið á sunnanverðu Snæfellsnesi og byggðina á norðanverðu Nesinu og engin raunhæf lausn í sjónmáli.

Takist að skapa eða laða að atvinnutækifæri, eflir það byggðina og rennir þar með styrkari stoðum undir skólana og samfélagið. Í því sambandi urðu miklar umræður um afurðamál og hvernig þróun undanfarinna ára hefur í raun verið afturför, t.d. fækkun sláturhúsa og kröfur vegna útflutnings. Spennandi tækifæri geti falist í því að auka slátrun og vinnslu margskonar matvæla heima í sveitunum m.a. í tengslum við verkefnið „Beint frá býli“. Rætt var um hvernig tengja megi matvælaframleiðslu í heimabyggð og ferðaþjónustu og renna þar með styrkari stoðum undir hvorutveggja. Einnig var rætt um önnur sóknarfæri í ferðaþjónustu m.a. tengd sérstöðu heita vatnsins á svæðinu, hrossarækt og lagningu gönguleiða. Fylgja mætti Green Globe verkefninu eftir með því að Snæfellsnes yrði tilraunasvæði í umhverfismálum.

Aukin samvinna íbúa og stofnana á Snæfellsnesi er mikilvæg á þeim tímamótum sem nú blasa við. Samvinnan kann að leiða til sameiningar og þá skiptir miklu að stefna að sama þjónustustigi í dreifbýli og þéttbýli, sögðu íbúar á fundinum á Breiðabliki.



---

Grundarfjörður, 31. mars

## Nýtum betur auðlindir, aðstöðu og krafta fólks

Á þeim tímamótum sem við stöndum nú frammi fyrir skiptir miklu að vinna saman, vera útsjónarsöm og gera sem mest úr því sem við höfum. Þetta voru meginskilaboð íbúafundar í Grundarfirði sem haldinn var síðastliðið þriðjudagskvöld, þar sem tæplega 30 manns tóku þátt.

Rætt var um að íbúar megi ekki ætlast til þess að allt frumkvæði komi frá bæjarstjórn, heldur þurfi allir að taka virkan þátt í því skapa „hamingju í heimabyggð“. Mikið var rætt um samfélagsmiðstöð af einhverjum toga, þar sem væri fjölbreytt aðstaða til tómstundastarfs, sköpunar og samveru fyrir alla aldurshópa, nægt rými og opið hús. Til dæmis var nefnd fjölbreytt vinnuaðstaða, t.d. fyrir handverksfólk og jafnvel sala á handverki, námskeiðahald og fleira þess háttar. Nýta ætti húsnæði sem til er nú þegar.

Fram kom að mikilvægt væri að halda vöku sinni um ásýnd bæjarins, hver og einn taki til hjá sér, einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir. „Ef við höldum ásýnd bæjarins og umhverfi í góðu horfi er ánægjulegra að taka á móti gestum og það eykur líka vellíðan okkar sjálfra“. Þá var rætt um náttúruperlur sem mætti gera aðgengilegri og koma á framfæri bæði við heimamenn og gesti.

Rætt var um að nú sé komið að því að nýta ýmsar auðlindir sem horft hefur verið framhá í góðærinu, t.d. mætti koma upp skólagörðum og almennt að byggja meira á tengslum við náttúruna. Og talandi um náttúru, þá vildi fólk fleiri börn!

Nú séu tímar gamalla gilda, ungmennafélagsandinn að ganga í endurnýjun lífdaga og fólk e.t.v. tilbúnara í sjálfböðavinnu. Rifjað var upp að sundlaugin í Grundarfirði var einmitt byggð í sjálfböðavinnu fyrir 30 árum og því varpað fram hvort mætti safna liði og standa fyrir brýnni endurbyggingu hennar með samstilltu átaki. Fulltrúar yngri kynslóðarinnar á fundinum bíða spenntir eftir íþróttahúsi, þó svo að byggingu þess hafi verið frestað um sinn.

Það besta sem Snæfellingar geta gert á þessum tímamótum er að auka samvinnu og samnýtingu, ekki aðeins sveitarfélögin, heldur á mjög breiðum grundvelli. Nú þegar er samvinna á ýmsum sviðum og hana megi auka til muna. Þar var m.a. nefnt íþróttir og íþróttapjálfarar, fyrirlesarar, kennarar og eitt sameiginlegur fréttar- og auglýsingamiðill fyrir Nesið. Aukin samvinna muni síðan geta af sér sameiningu sveitarfélaganna „innan frá“, en skilaboð um að stefnt skuli að sameiningu voru mjög afdráttarlaus. Almenningsangöngur á norðanverðu Neginu séu nauðsynlegar og forsenda aukinnar samvinnu og sameiningar, geri svæðið að einu atvinnusvæði og nýtist jafnframt í ferðapjónustu. Yngri kynslóðin lét sig dreyma um skíðalyftu og sagði „við höfum bestu fjöllin!“.

Almennt litu fundarmenn svo á að til að rækta enn frekar „hamingju í heimabyggð“ eigi Snæfellingar að líta meira inn á við, leggja áherslu á sjálfbærni og taka virkan þátt í því að nýta auðlindir, aðstöðu og krafta fólksins. Að vera gerendur en ekki neytendur.

---



## **Horfum á það sem við erum góð í og byggjum á því jákvæða**

Með því að nýta þá sérstöðu sem Stykkishólmur hefur og skerpa á framtíðarsýn sem byggir á sjálfbærni, mun byggðarlagið eflast til framtíðar. Sérstaðan felst m.a. í Green Globe vottuninni, sorpflokkun, áherslu á heilsu og ferðaþjónustu, svo eitthvað sé nefnt. Virkja þarf fleiri í samfélaginu til góðra verka, gleðjast saman og rækta jákvætt hugarfar. Nýta á það hugvit og þekkingu sem til er heima fyrir, sýna nægjusemi og leita ekki langt yfir skammt. Það skiptir meira máli að horfa á gæði en magn og heilbrigði samfélags vegur þyngra en stærð.

Þetta voru meginartilboð íbúafundar sem haldinn var í Stykkishólmi 2. apríl sl., á vegum Kvarna í samvinnu við Stykkishólmsbæ og tæplega 30 manns sátu. Fundurinn var sá fjórði og síðasti í fundaröð undir yfirskriftinni „Snæfellsnes á tímamótum – hamingja í heimabyggð“.

Mikil umræða varð um hvernig mætti virkja fleiri til þátttöku í samfélaginu og auka samstöðu. Þær breytingar sem nú eru að verða í þjóðfélaginu kunna að hvetja til samstarfs að mati fundarmanna. Í dag eru hinir ýmsu hópar að hittast hér og þar og má segja að það séu mörg „félagsheimili“ í bænum. Áhugi var á að auka þátttöku með jákvæðum formerkjum, standa betur saman og hvetja enn frekar. Rætt var um að ekki er hægt að auka þátttöku með „handafli“, fólk þarf að finna sjálft hjá sér vilja til að taka þátt og sjá hag sinn af samstarfi. Íbúar og samfélag séu samofið. Séu einstaklingarnir hamingjusamir, eru þeir fúsari til að taka þátt í samfélaginu og lifandi og virkt samfélag stuðlar aftur að hamingju einstaklinganna.

Fundarmenn ræddu um tækifæri sem felast í auðlindum svæðisins og sérstöðu. „Horfum á það sem við erum góð í og byggjum á því jákvæða“, sögðu fundarmenn og nefndu þar sérstaklega náttúru, afurðir í víðum skilningi og ferðaþjónustu. Fram kom ósk um að auka samskipti „síbúa“ við eigendur frístundahúsa í bænum.

Til að bæta aðgengi íbúa og gesta að afurðum svæðisins þarf m.a. að huga að upplýsinga- og markaðsmálum. Æskilegt væri að íbúar þekktu betur sitt svæði og nærumhverfi.

Varðandi Snæfellsnes í heild kom fram mikill áhugi á víðtækri samvinnu t.d. milli fyrirtækja og á sviði menningar, íþróttar, ferðamála, atvinnumála, heilbrigðismála, safnamála og stjórnsýslu, t.d. byggingarfulltrúar. Aukin samvinna geti af sér aukin atvinnutækifæri með auknum samgöngum. Áhugi var á lagningu og merkingum göngu- og hjólastíga um svæðið.

Fundarmenn ræddu einnig um það samstarf sem þegar er til staðar á Snæfellsnesi og kom ýmsum á óvart hversu mikið og víðtækt það er. Sameiginlegar auðlindir í sögu og náttúru bar á góma, t.d. jarðfræði og Eyrbyggja. Þá kom fram hugmynd um samstarf milli Hólmara og Grundfirðinga um stutta leikþætti fyrir ferðamenn í sumar, sem bornir væru uppi af unglíngum og nefnt að til er leikrit byggt á Eyrbyggju.

Umræða varð um mögulega sameiningu sveitarfélaga en umfram allt vildu fundarmenn sjá aukna samvinnu á félagslegum grunni, undir skammstöfuninni SSV, eða „sjálfsprottinn samvinnuvilji“.